

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdarnefnd
Viðstaddir: Arna Jakobína Björnsdóttir, Árni Egilsson, Anna María Frimannsdóttir, Ragnar Ólason, Margrét Sigurðardóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir.

Starfsmenn: Rósa Björk Bergþórsdóttir, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Harpa Lilja Jóniusdóttir

Fundardagur: 21.3.2022
Tími: 10:00 – 11:10
Fundarstaður: Fjarfundur

Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

I. Afgreiðsla:

Akureyri: 6000-94 - Frístundarleiðbeinandi I – endurmat -
Kjölur – *Viðstaddur stéttarfélagsfulltrúi:* Arna Jakobína Björnsdóttir
Ragnar Ólason tekur ekki þátt í þessari afgreiðslu og vikur því af fundi undir þessum lið.
Starf samþykkt með 423 stigum

423	60	39	52	39	39	20	30	20	39	26	13	26	20
-----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

Arna Jakobína Björnsdóttir og Árni Egilsson fulltrúar BSRB félaganna, bóka eftirfarandi er varðar: meðferð á starfi List og handverksleiðbeinandi.

Var: List og handverksleiðbeinandi (443 stig)

Röðun Akureyrarbæjar: Frístundaleiðbeinandi 1 starf í æskulýðsmiðstöð (348 stig)

Uppfærð tillaga: Frístundaleiðbeinandi í félags- og tómstundastarfi (403 stig) 21. janúar 2021

Framkvæmdanefnd starfsmats fór yfir niðurstöðu Verkefnastofu þann 21. janúar 2021 um staðbundið starf Frístundaleiðbeinandi í félags- og tómstundastarfi og skv. starfsmats reglum var lagt til að þetta yrði áfram List og handverksleiðbeinandi (443 stig) vegna þess að beiðni kemur um nýtt starfsmat þar sem eingöngu var búið að breyta starfsheiti í frístundaleiðbeinandi í félags- og tómstundastafi og færa menntunarkröfu niður. Því má segja að um óbreytta starfslýsingu sé að ræða fyrir utan að menntunarpáttur er breyttur.

Jafnframt sem starfslýsing talar vel til þriðja þreps íslenska hæfnirammans um menntun sem er það sama og 4 þrep í starfsmati. Tilgangur með þessu er því að taka tillit til þess að starfsmaður sem ráðinn er til starfa sem þessara hafi reynslu sem ekki fæst í hefðbundnu námi heldur kemur með reynslu og þekkingu eftir óhefðbundnum leiðum og eldra námi sem nú hefur verið fellt inn í námskrá framhaldsskóla.

Fulltrúar Kjalar sjá sig nauðbeygða til að staðfesta niðurstöðu þess þrátt fyrir að ekki hafi náðst full viðurkenning á kröfum á þekkingu og færni þætti starfsins þar sem mikið af óhefðbundnu námi og reynslu er krafist í starf þetta. Því hefði starfið átt að miða við þá víðtæku þekkingarkröfu á reynslu á handverki.

Niðurstaðan 21. mars 2022 er að starfið er nú metið með 423 stig. Mismunur við eldra mat er eitt þrep í þekkingarþætti og er því lækkun frá fyrra mati.

Fulltrúar Samband íslenskra sveitarfélaga bóka; Akureyrarbær lagði fram endurmatsbeiðni fyrir starf Frístundarleiðbeinanda í félags og tómstundastarfi sem fól í sér 413 stig.

Akureyri: 6000-48 - Starfsmaður á leikskóla - endurmat – *Frestað*
Eining-Iðja – *Viðstaddur stéttarfélagsfulltrúi:* Ragnar Ólason

Hornafjörður: 8401-7 – Þroskaþjálfari í málefnum fatlaðra – *Frestað*
Þroskaþjálfafélag Íslands – *Stéttarfélagsfulltrúi ekki viðstaddur*

Kópavogur: 1000-162 – Safnstjóri Almenningsbókasafns 3 – endurmat - *Frestað*
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga – *Stéttarfélagsfulltrúi ekki viðstaddur*

Kópavogur: BHM-29 – Útibússtjóri Lindasafns – endurmat – *Frestað*
Fræðagarður – *Stéttarfélagsfulltrúi ekki viðstaddur*

II.

- a) Ársskýrsla verkefnastofu starfsmats lögð fram.
- b) Umræða um vinnulag vegna 5 ára endurskoðunar.

Fundi slitið 11:10